

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2017  
UST201708-197/B.S.  
10.05.04

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hólasandslína – Akureyri að Hólasandi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun þar sem fram á að koma hvort Umhverfisstofnun telji að tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi sérstaklega grein fyrir þeim möguleikum sem felast í því að leggja aðrar háspennulínu á sama svæði í jörðu og hvort slíkar strenglagrnir teljist mótvægisgerðir eða niðurrití úreltra lína. Í þessu sambandi ætti að gera grein fyrir hvort þörf verði á sérstökum tengivirkjum þar sem mögulegt væri að leggja Kröflulínu 1. í jörðu. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvernig staðið verði að efnistöku og frágangi og vill stofnunin í því sambandi benda á vefsíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast leiðbeiningar um slikt.

Umhverfisstofnun tleir að kanna eigi hvort nauðsynlegt verði að merkja leiðara þar sem línan þverar Laxárdal vegna áflugshættu.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að skilgreina þau svæði á línuleiðinni þar sem ástæða er til að skoða sérstaklega aðra valkosti varðandi legu línunnar og mögulegar strengleiðir.

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort unnt sé að þvera Laxárdal með þeim hætti að Kröflulína og Hólasandslína verði sameinaðar á möstur og með þeim hætti reynt að draga úr sjónrænum áhrifum línnanna.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að umrædd tillaga gerir fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni.

Ef línulögnin er innan verndarsvæðis Laxár og Mývatns þarf að afla leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri